



**Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis**

Reykjavík, 1. desember 2020

Efni: Tillaga til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks , 116. mál

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar ofangreindri tillögu um launasjóð fyrir afreksíþróttafólk, sem hefði þann tilgang að auka fjárhagslegt öryggi afreksíþróttafólks og auka möguleika þess á að helga sig íþróttaiðkun sinni.

ÍSí telur mikilvægt að slíkur sjóður sé útvíkkun á stuðningi ríkisins við afreksíþróttir og komi til viðbótar við þann stuðning sem nú þegar er veittur afreksíþróttastarfi á Íslandi. Þá er nauðsynlegt að skilgreiningar á mögulegum launþegum séu skýrar sem og þær reglur sem gilda um sjóðinn.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands lýsir sig reiðubúið til samstarfs um undirbúning og útfærslu slíks sjóðs með þeim hætti sem þurfa þykir.

**Með kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri

